



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 27. júní 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 17.30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Kosning í nefndir sveitarfélagsins

#### a. Kjörstjórn

Aðalmenn:

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður  
Guðbjörg Ólafsdóttir  
Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Til vara:

Vigdís Þorgeirsdóttir  
Gígja H. Óskarsdóttir  
Steindór R. Haraldsson

#### b. Fræðslunefnd

Aðalmenn:

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður  
Baldur Magnússon  
Hafdís Ásgeirsdóttir  
Inga Rós Sævarsdóttir  
Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Til vara:

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir  
Gígja Óskarsdóttir  
Valtýr Sigurðsson  
Þórey Fjóla Aradóttir  
Ása Ósk Ásgeirsdóttir

#### c. Skoðunarmenn

Aðalmenn:

Jensína Lýðsdóttir  
Guðmundur Ólafsson

Til vara:

Signý Richter  
Þórunn Bernókusdóttir

Sveitarstjórn samþykkti að formenn nefnda sem skipaðar voru á fundi 14. júní sl. verði:

Hafnar- og skipulagsnefndar;

Adolf H. Berndsen

Tómstunda- og menningarmálanefndar;

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Atvinnu- og ferðamálanefndar;

Jón Ólafur Sigurjónsson.

### 2. Refa og minkaeýðing

#### a. Reglur um refa og minkaveiði

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum sveitarfélagsins um refa og minkaveiði sem er í samræmi við þær reglur sem gilda í nágrennasveitafélögum. Sveitarstjórn ræddi reglurnar en samþykkti þær síðan.



b. Samningur við veiðitaka

Fyrir fundinum lá samningur við Jón H. Jónsson um veiðar á ref og mink. Samningurinn er til eins árs og er í samræmi við reglur sem samþykktar voru í lið 2.a.

Sveitarstjórn staðfesti samninginn.

### 3. Persónuverndarstefna sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá tillaga að persónuverndarstefnu sveitarfélagsins. Meðfylgjandi tillögum voru drög að vinnsluskrám þar sem skilgreindar eru þær persónuupplýsingar sem berast og tekin afstaða til hvort og hvernig þeim er safnað eða úr þeim unnið. Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að persónuverndarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd.

### 4. Endurskoðun

Fyrir fundinum lá erind frá Enor ehf sem er undirritað af Níels Guðmundssyni endurskoðanda. Í bréfinu kemur fram að fengið hafi verið álit á hvernig bæri að skilja 72. gr. sveitarstjórnarlaganna og ákvæði til bráðabirgða á árinu 2012 áður en gengið var frá samningi við Davíð Búa Halldórsson um að halda áfram endurskoðun fyrir félagið. Sú athugun og túlkun hafi leitt í ljós að heimilt væri að ráða Davíð Búa sem endurskoðanda þar til reikningsárið 2017 hafi verið gert upp. Nú sé komið að þeim tímamótum en Níels Guðmundsson endurskoðandi sé reiðubúinn að taka við endurskoðuninni ef vilji sveitarstjórnar stendur til þess.

Oddviti og sveitarstjóri lögðu fram svohljóðandi bókun:

Vegna bókunar Guðmundar Egils og Kristínar Bjarkar á fundi sveitarstjórnar 14. júní 2018 um endurskoðun og tímalengd endurskoðanda óska undirritaðir eftir svohljóðandi bókun: Við athugun og samantekt á tímalengd ráðins endurskoðanda sveitarfélagsins Davíðs Búa Halldórssonar kom í ljós að þótt hann hafi starfað lengur við endurskoðun en 7 ár eins og réttilega fram kemur í umræddri bókun þá var ráðning miðuð við árið 2012 þegar ný sveitarstjórnarlög tóku gildi og tók m.a. tillit til bráðabirgðaákvæðis laganna þar sem segir: „*Samningar sveitarfélaga við endurskoðendur sem eru í gildi við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í þann tíma sem samningur kveður á um, þó mest í sex ár frá gildistöku laga þessara*“. Það er því réttilega kominn tími til breyting eins og fram kemur í bókuninni og bréfi endurskoðanda sem liggur fyrir fundinum en hins vegar alveg skýrt að ráðning Davíðs Búa sem endurskoðanda fram til 2018 var í fullu samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna og hvergi farið á svig við lagaskyldur eins og látið er að ligga í bókun Guðmundar Egils og Kristínar Bjarkar.

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Halldór G. Ólafsson, oddviti

Sveitarstjórn ræddi bréf Níelsar og framanritaða bókun. Bréfið var til kynningar og ákveðið að taka ráðningu endurskoðanda fyrir á fundi síðar.



## 5. Aðalskipulag sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá greinargerð frá Landmótun sf um verklag og kostnað við endurskoðun á Aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Ástæða endurskoðunar aðalskipulagsins er að fyrirliggjandi er þörf á breytingum á skipulaginu bæði vegna verulegra og óverulegra breytinga.

Sveitarstjórn ræddi greingargerðina og samþykkti að taka upp viðræður við Landmótun sem ráðgjafa um endurskoðun aðalskipulagsins.

## 6. Bréf

- a. Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 15. júní 2018

Fyrir fundinum lá bréf Tónlistarskólans á Akureyri sem óskar eftir að sveitarfélagið greiði sveitarfélagshluta kostnaðar við tónlistarnám Guðnýjar Evu Björnsdóttur sem stundar hljóðfæranám á miðstigi. Í bréfinu kemur einnig fram að sveitarfélagið geti sótt um endurgreiðslur á hluta kostnaðar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Erindið var samþykkt.

- b. Jóns H. Daníelssonar, dags. 3. mars 2018

Erindið var áður til umfjöllunar 15. mars 2018 en var þá frestað. Sveitarstjórn ræddi erindið en samþykkti síðan að vísa því til umfjöllunar og álits atvinnu- og ferðamálanefndar.

## 7. Fundargerðir

- a. Stjórnar Hafnarsamands Íslands. 28.05.2018  
Fundargerðin var til kynningar.

## 8. Önnur mál

Ekki voru tekin mál fyrir undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 19.00

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson